

Ályktun um ljósleiðaravæðingu á Vestfjörðum

68. Fjórðungsþing Vestfirðinga, haldið í Bolungarvík 6.-7. október 2023, skorar á stjórnvöld að viðurkenna þann markaðsbrest sem er til staðar hjá minni byggðarlögum og veldur mismunun í ljósleiðaravæðingu landsbyggðarinnar. Ennfremur er skorað á stjórnvöld að tryggja fjarskiptasjóði nægjanlegt fjármagn til þess að allir landsmenn sitji við sama borð.

Greinargerð

Ríkið seldi á sínum tíma grunnnetið til einkaaðila, sem í dag ákveða; a) í hvaða byggðarlögum ljósleiðari skuli lagður í hús, íbúum að kostnaðarlausu og b) að í minni byggðarlögum úti á landi, verði ljósleiðari ekki lagður ókeypis í hús. Þarna er kostnaði varpað á íbúa minni byggðarlaga af þessum þjónustuaðilum. Minni byggðarlög á landsbyggðinni, sem áður höfðu tryggingu fyrir aðgerðum sem fólust í eignarhaldi ríkisins á grunnnetinu og þeirri þjónustu sem það veitti, standa nú frammi fyrir verulegum kostnaðarauka til að komast til jafns við stærri byggðarlög hvað ljósleiðaravæðingu í hús varðar. Þetta er mismunun sem ríkið þarf að leiðrétta.

Allsherjarnefnd